

## Lánasjóður sveitarfélaga – Útboð LSS150434

Lánasjóður sveitarfélaga hefur ákveðið að efna til útboðs á skuldabréfum í flokknum LSS150434 þriðjudaginn 28. nóvember 2017. Lánasjóðurinn stefnir að því að taka tilboðum að fjárhæð 500 milljónir króna að nafnvirði. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka og lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er að fullu eða hluta, eða hafna þeim öllum. Lánasjóðurinn hefur boðið aðalmiðlurum sjóðsins Arion banka, Íslandsbanka, Kvikubanka og Landsbankanum að taka þátt í útboðinu.

Óskað er eftir tilboðum í samræmi við eftirfarandi lýsingu:

### LSS150434

Lánstími: Til 15. apríl 2034.  
Endurgreiðslur: Verðtryggðar jafnar hálfárslegar greiðslur.  
Nafnvextir: Fastir vextir 3,75%.  
Grunnvísitala: Verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar (VNV) 1. mars 2012, gildi hennar er 387,1.  
Einingar: 1 kr. rafbréf.

Útboðsfjárhæð: 500.000.000 (fimmhundrað milljónir króna).  
Lágmarkstilboð: 10.000.000 (tíu milljónir króna).  
Þóknun: Lánasjóðurinn greiðir 0,15% þóknun fyrir LSS150434  
Tilboð: Í tilboði skal taka fram ávöxtunarkröfu án þóknunar og tilboðsfjárhæð.  
Fyrirkomulag: “Hollensk” uppboðsaðferð þar sem allir tilboðsgjafar fá sömu ávöxtunarkröfu og hæst er tekið. Lánasjóðurinn áskilur sér rétt til að hækka eða lækka útboðsfjárhæð útboðsins, taka hvaða tilboði sem er að fullu eða hluta, eða hafna þeim öllum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði með sama hætti og tilboðum er skilað inn, sé það gert fyrir lok útboðsfrests.

Uppgjör sölu: Fimmtudaginn 30. nóvember 2017.

**Tilboð skulu berast fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 28. nóvember 2017 til Lánasjóðs sveitarfélaga, b.t. Örvars Þórs Ólafssonar, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi.**

Einnig má senda tilboð í tölvupósti til [orvar@lanasjodur.is](mailto:orvar@lanasjodur.is)

**Öllum tilboðum verður svarað fyrir kl. 17:00 þriðjudaginn 28. nóvember 2017.**